

**Ingólfur Gíslason**

**Það sem mér finnst helst að  
heiminum...**

**S3**

© Ingólfur Gíslason  
Nýhil 2009

Bók 3 í smábókaflokki Nýhils

Ritstjóri: Kristín Svava Tómasdóttir  
Umbrot: Kristín Svava Tómasdóttir og Sölvi Karlsson  
Kápa: Ástríður og Kristín Svava Tómasdætur  
Prentun: Margmiðlun Jóhannesar & Sigurjóns

Útgáfan er styrkt af Bókmenntasjóði

ISBN: 978-9979-9896-7-7

Ingólfur Gíslason

Það sem mér finnst helst að  
heiminum...



Nýhil 2009



# I

Ég sá einu sinni sjö sekúndna viðtal í sjónvarpinu við stolta ekkju í Afríku, eiganda múldýrs sem gat afkvæmi, og samkvæmt trú sjónvarpsins á trú innfæddra þá túlkast þessi atburður sem fyrirboði um endalok heimsins.

En heimurinn er reyndar ennþá til, ég sá það í sjónvarpinu í gær.

Börn deyja úr sjúkdómum: eyðni, gulu, malaríu, niðurgangi, vatnsskorti, næringarskorti, kóleru, hungri, þorsta, og í augum þeirra eru flugur og magarnir eru útblásnir belgir eins og blöðrur fullar af vatni eða lofti sem muni springa. Hér vil ég ekki vera ljóðrænn. Þetta eru bara einföld skilaboð.

Hvað á ég sameiginlegt með barni sem þjáist af hungri og pestum?

pabbi finnur fallbyssuskot í kartöflugarðinum. lögreglumaður drekkur kaffi í eldhúsinu. ég kem inn með nefið fullt af hori. það er ýsa í matinn og aflabrögð í útvarpinu. alveg eins búist við kjarnorkusprengjum á næsta sólarhring. börnin eru beðin að klára af diskum.

*Hugsaðu um svöngu börnin í Afríku.*

Hvað er það að hugsa um svöngu börnin í Afríku?

Af hverju eru börnin svöng í Afríku?

Ég les bækur. Skrepp út eftir kaffi. Horfi á tunglið.

Að sitja í stofusófanum með kaffibolla og lesa um myrkrið í heiminum. Yrki ég ljóð um hungur og hagkerfi. Flúra við fornan kveðskap.

*fegurðarkúrinn:*

*smjörsteiktir fiðrildafætur  
með flugugalli  
innbakað músarmilta  
og magi úr lús.*

Fagarar heyrði ég raddirnar.

Vilborg Dagbjartsdóttir:  
*Orð Drottins kom til mín í stofunni  
þar sem ég sat yfir kaffibolla.*

Hvaðan er kaffið mitt? Ég heiti Ingólfur og ég er fjarþrælahaldari.

Við skjótum þá við borgarmúrana,  
eða rekum þá aftur á ekrurnar, í frumskóginn eða  
fangelsin  
með Dyflinnarsamkomulagi og Schengensöng,  
þau sem ekki kafna eða stikna í gámum eða  
vörubílum á leiðinni.

að bjóða þau velkomin?

það er sýkingarhætta af handaböndum  
nuddið frekar öxl við öxl  
járn í járn

Þessi heimur, þessi víxlverkun: rotnun og vöxtur,  
drullan og blómið, dauðinn sem nærir lífið. Þessi  
næturhiminn. Þessi brot.

af setningu í bók getur sprottið hugsun, tilfinning,  
samræða

að aka bíl um niðdimma nótt yfir fáfarna heiði

að finna svala nóttina strjúka andlitið  
líta yfir vötnin

að ganga eftir strönd, heyra brim, tungl yfir jökli  
og hugsa

*dimmt er í heiminum drottinn minn  
deginum tekur að halla*

ég man ekki seinni helming viðlagsins.

tunglið, sjórinn, brimið  
logandi bílljós  
malandi vél

*hvað sagði ég, hver er að fara að deyja?  
og hún sagði við öll,*

dagur, kvöld, dagur, kvöld, dagur, kvöld ég sé  
mynstur í þessu

Lækjarspræna, prímus, svefnpoki, ég er lítið  
fyrir útivist, en er hérna samt. Legg saman skýin  
í blámanum, en bólstrarnir sameinast eins og  
eignarhaldsfélög, margt lítið verða fá stór, einhver  
líkti skýi við ull eins og á fé, og féð á það til að  
safnast á fáar (fárar?) hendur. Þarna spannst eitthvað  
úr engu, orðin röðuðust upp, tjaldið mitt er lítið og  
ódýrt eins og pylsurnar mínar, eins og hugsanir  
mínar. Himinninn er nógu yfirþyrmandi blár og  
víðáttan virðist endalaus.

eingöngu brot.



+ + +

Ég sá frægan fyrirlestur á netinu, þar sem hvítur karlmaður, farsæll háskólakennari sem átti fallega konu og heilbrigð börn talaði um hin sönnu gildi.

Hann talaði mikið um að hann væri að fara að deyja úr krabbameini, en hann talaði ekki um dauðann.

Hann talaði um að maður ætti að koma vel fram og biðjast afsökunar á misgjörðum sínum, en hann talaði ekkert um kapítalismann.

Hann talaði um að maður ætti að gera sig „verðmætan“ en hann talaði ekki um það hvað verðmæti eru.

Hann talaði um persónulegan þroska og dýrmæti tímans með ástvinum en hann talaði ekkert um þau sem hafa engan tíma til að hugsa um hvernig beri að nýta vegna þess að einhver verður að skúra og einhver verður að steikja hamborgara og ansi margir eru bara ekki nógu verðmætir til að vera annars staðar en á götunni eða í fangelsi.

Hann talaði um að nýta tækifærin en hann talaði ekki um að fæðast ekki með tækifæri.

Mér fannst ég verða að segja frá þessum fyrirlestri.  
Hér.

+ + +

kartöflur steikjast. hamburgarar steikjast. gufur í lofti.

ungmenni selja tíma sinn fyrir smáaura.

frávik, tilbrigði, útúrdúr. koma sér að efninu.

vona að lífið komi sér aldrei að efninu.

dauðanum.

við skiljum ekki lífið.

skiljum ekki hvers vegna við þurfum að deyja.

til hvers erum við hér?

til að safna hamingjustundum?

til að láta öðrum líða vel?

*Wittgenstein: Ég veit ekki hversvegna við erum herna en ég er nokkuð viss um að það er ekki til þess að láta okkur líða vel.*

til að berjast gegn ranglæti?

Þá muntu kannski vaxa og þroskast, en kannski ekki. Og þú munt ekki endilega ná fram lífsfyllingu eða sáttum við sjálf þitt.

Það er ekkert leyndarmál og þetta er ekki sjálfshjálparbók.

Dýrmæt augnablik ...

Að töfra tár úr þurrum kirtlum ...

Hvað ég eigi sameiginlegt með litlu barni sem þjáist af hungri og niðurgangi, sólbökuðu brosmildu barni sem á ekki bjarta framtíð heldur bara fátækt?

Að blanda saman stjórnámálum og list?

Ertu ekki örugglega fylgjandi góðu en á móti vondu?

Auden: *Poetry makes nothing happen.*

Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *sjálfstæðismenn eru foringjahollir, hugsa lítið um pólitík, og vilja græða á daginn og grilla á kvöldin.*

*Við getum ekki látið stjórnast af náungakærleika, nema þegar um náunga okkar er að ræða.* (Hannes aftur, í Fréttablaðinu 22. september 2006)

*Allt er hégómi og eftirsókn eftir vindi* (Prédíkarinn 2.17).

Ég fer ekki fram á annað en: lærðu að hata kapítalisma.

Eini vandi neylusamfélagsins er einfaldlega sá að það fá ekki allir að vera með í því.

Hvað á ég sameiginlegt með litlu barni sem þjáist?

Má ég verja lífsgæði mín, landamæri veraldar minnar, gegn þessu barni, svo ekki sé minnst á foreldra þess?

Þegar öllu er á botninn hvolft er auðveldara að kenna vanþróuðum útlendingum að bjarga sér sjálfir í stað þess að bjarga þeim sjálfur.

Gefum þeim ekki peninga – kennum þeim að spinna.

Gefum þeim ekki peninga – kennum þeim að spara.

Gefum þeim ekki peninga – kennum þeim að einkavæða.

Umfram allt, gefum þeim ekki peninga.

Hungruð börn, vondir menn. Svo einfalt en samt ekki svo einfalt, því hvað á ég sameiginlegt með hungruðu barni og hvað á ég sameiginlegt með ráðherra sem kveikir sér í vindli og sendir hundrað þúsund drengi á morðvertíð?

Frið á jörð? Hvað þýðir það til dæmis fyrir vopnaframleiðendur og starfsfólk þeirra, hlutabréf í eigu lífeyrissjóða, álbræðslur og banka?

Að segjast vilja frið á jörð er kannski bara tákn um heimsku. Eða bernsku?

Ófriðurinn er ekki þægilega óskiljanlegur, hann er mjög óþægilega skiljanlegur.

en mín kæra:

hvað ef nasistar hefðu notað excel og youtube?

Hvað á ég sameiginlegt með fátækri stúlku í útlöndum?

Hvað með að leyfa henni að koma hingað, veita henni sömu réttindi og ég hef?

það er skuggi í okkur,  
það eru skuggar milli orðanna,  
þoka í textanum,

Hvað á ég sameiginlegt með venjulegum strák á vígvelli, með æðarnar fullar af adrenalíni, lífsháska og losta?

það virðist vera, ef til vill og kannski, ég veit það ekki:  
sönnustu orðin  
þau einu sem vísa í áttina

## II

*Ljóð láta ekkert gerast.* Ég veit ekki hvernig hægt er að láta hluti gerast eða ekki gerast. Vélin gengur áfram, mylur alla fyrirstöðu, bryður í sig ljóð, sögur og myndir.

Efni og andefni: fyrir hverja ljóðabók eru þrjár Rambo myndir. Fyrir hverja hugsun koma þrjátíu dagar í hugsunarleysi.

Penninn máttugri en sverðið? Segðu það hinum látnu, segðu það til dæmis Kamal Nasir, palestínska

ljóðskáldinu sem leyniþjónusta Ísraels myrti árið 1973.

Ég skrifa nokkra punkta fyrir mig, vopn í heilagri baráttu minni gegn eigin heimsku. Það er hernaður sem ég styð. Hugsunarleysið er svo þægilegt. Það er svo gott að rækta garðinn sinn.

Kannski finnur þú ekki þráð milli þessara brota, stríð býður alltaf upp á þráð. Hægðu á þér. Staldráðu við. Lestu í bilin milli brotanna.

*Ilíonskviða: Kveð þú, gyðja, um hina fársfullu heiftarreiði Akkils Peleifssonar, þá er olli Akkeum ótölulegra manna og sendi til Hadesarheims margar hraustar kappsálar, en lét sjálfa þá verða hundum og alls konar hræfuglum að herfangi, eftir það að þeir höfðu eitt sinn deilt og skilið ósáttir, herkonungurinn Atreifsson og hinn ágæti Akkilles.*

Mig langar að útrýma djöflum jarðar í eitt skipti fyrir öll. En hvað með djöfulinn í sjálfum mér?

Stephan G. Stephansson (1914):

*Þegar sérhver ganti og gjóstur  
grunnhyggna æsti í róstur,  
fús til sig og sína að spara,*

*sjálfur ætlar hvergi að fara,  
eggjaði hæst á múgamannsins  
mannablót til fósturlandsins,  
viss að bera í sínum sjóði  
sæmd og auðlegð frá hans blóði,  
tómum köllum kokhreystinnar  
kaupa nafnbót lýðhyllinnar:  
stærstan huga þurfti þá  
að þora að sitja hjá.*

Charles Bernstein: *Ljóð eru ekki vopn.*

Allir eru á móti stríði. En stundum verður að gera eitthvað.

Það eru vondir menn með byssur. Það er eymd, það er hungur, það er niðurlæging, það eru ofsóknir. Það verður að gera eitthvað. Einföld lausn: drepum vondu mennina.

Stríð eru staðreynd en friður ekki. Stríð borga sig en friður ekki. Hvað eigum við að gera? Breyta heiminum?

Sprengjurnar falla ekki á Ísland. Einhver hagnast þótt heimurinn tapi. Breyta heiminum? Hvernig?



Við samþykkjum hernað en hjálpum þeim ekki sem flýja stríðið. Hvað á ég sameiginlegt með aflimuðu barni? Það er svo langt frá mér til raunveruleikans.

Stríð er fíkniefni, segir Chris Hedges, stríðsblaðamaður: *Stríð hafa alltaf seiðmagn fyrir okkur: Þó að því fylgi eyðilegging og blóðbað þá veitir það okkur það sem við þráum í lífinu. Það veitir okkur tilgang, merkingu, ástæðu til að lifa. Það er einungis í miðjum átökum sem við við sjáum hve líf okkar eru innantóm og yfirborðskennnd. Samtöl okkar eru meira og minna léttvægt þvaður og það sama má segja um það sem er í sjónvarpi og útvarpi. Og stríð er töfrandi seiður. Það gefur okkur markmið og málstað. Það gefur okkur færi á að upphefja okkur. Og þeir sem sjá hvað minnsta merkingu í lífi sínu, hvort sem það eru fátækir flóttamenn á Gaza, eða útskúfaðir innflytjendur frá Norður-Afríku í Frakklandi, eða allur sá fjöldi ungs fólks sem lifir í leiðindum og öryggi í iðnríkjum vorra daga, eru veikir fyrir aðdráttarafli stríðs.*

Hundruð milljóna millistétt myljandi kartöfluflögur...

Á tölvuskjánum eru upplýst hnit, það kvikna lítil ljós og slokkna, á hverri sekúndu breytist samsetningin

Þrjátíu sinnum og augað nemur ekki þetta ferli í smáatriðum sínum, það sem mannsheilinn sér eru hermenn á hlaupum, frumskógur, háhýsi borgar, skriðdrekar, flugvélar, blóð sem þeytist út um skotsár, litlir líkamar sem hníga niður, allir eins og að lokum er eins og veruleikinn dökkni, litist fjólublár, og á skjánum koma stafirnir fram, einn af einum, ögrandi og hæðandi, GAME OVER. Hann notar stríðið til að slaka á, það er róandi að tæta sundur óvini, skjóta niður þyrlur og sjá heilar borgir hrynja til grunna. Í leiknum þarf enga grímu, enga kurteisi, ekkert yfirborðstal, í leiknum er maður algerlega maður sjálfur.

Þetta eru sundurlausar hugsanir um stríð. Í stríði sundrast þjóðir, fjölskyldur, líkamar. Raddir heyrast ekki gegnum kúlnahríð. Það er ekki hægt að halda heilum þræði í stríði.

*Varanlegur friður. Óendanlegt réttlæti. Hvað á stríðið að heita?*

Það er gangvirki að störfum, eins konar vél, sem framleiðir vopn, girðingar og þjálfaða morðingja. Vélin er knúin af eftirspurn. Samt hefur allt þegar verið sagt. Aldrei aftur Híróshíma?. Aldrei aftur Auswitch. Aldrei aftur Rúanda. Aldrei aftur hvað?

Víetnam? Írak? Afganistan? Íran? Kannski að næsta stríð verði betra. Kannski að næst verði hið góða bara gott og hið vonða bara vont. Næsta stríð verður ekki lygi.

Orðaleikir. Skrauthvörf. Í orðabókinni minni er blómið daisy þýtt sem freyjubrá eða fagurfífill. *Daisy cutter* er hins vegar sjöþúsund kílóa sprengja.

Stefán Hörður Grímsson:

*Blóm af holdi og blóði ganga þorpsstíginn.  
Loftveginn koma steikingasveinar.*

Sprengja sem tætir líkama eins og sláttuorf fagurfífla. Fréttaskýring um herfræði. Slökktu á sjónvarpinu. Vinsamlegast.

Ég er þreyttur á ræðum og ritum sem segja *bara ef við hefðum betri ráðamenn værum við kannski hætt að skrifa upp á innrásir.*

Höfum við fjarvistarsönnun? Ég var ekki á fundinum að reykja vindil og tefla valdatafl. Vissirðu ekki að stjórnmálamaðurinn þinn væri að ljúga? Vissi hann ekki að þú vissir að hann vissi?

Nágranni þinn styður hernað - ef sprengjunum rignir annars staðar. Og hvað höfum við gert? Allt sem við máttum. Allt sem við vissum að myndi ekki breyta neinu.

Ég er þreyttur á ræðum og ritum sem segja *stríð er helvíti en einhver verður að gera eitthvað*.

Hugsun mín er í brotum.

Sköpun, gleði, mildi og miskunnsemi. Niðurrif, vonska, harka og miskunnarleysi. Já, ég á það allt til. Hvernig get ég valið það sem ég vil?

Páll postuli: *Hið góða, sem ég vil, gjöri ég ekki, en hið vonda, sem ég vil ekki, það gjöri ég.*

Hvernig býr maður til stríð? Hvernig ræktar maður blóm hins illa? Maður sáir kornum ótta, maður gerir tortryggni að heilbrigðri skynsemi, maður finnur sér djöfla og grýlur. *Bara ef það væri ekki fyrir þessa fégráðugu gyðinga. Bara ef það væru ekki þessir hómorslausu kvenhatandi múslimar.*

Dagur Sigurðarson:  
*Má bjóða ambassadorunum  
barnasteik í napalmsósu?*

Það eina sem ég hef er mín rödd. Og fartölva.

Yolande Mukagasana: *Mannkynið hættir ekki að beita ofbeldi fyrr en það skilur þörf sína fyrir ofbeldi.* Yolande missti fjölskyldu sína í Rúanda. Þar sem öllum gömlu brellunum var beitt skipulega til að magna upp tortryggni, andúð og loks hatur. Útvarp og dagblöð voru notuð til að dreifa áróðri. Sveðjur voru keyptar frá Kína og handsprengjur frá Frakklandi, morðsveitir skipulagðar.

Stundum verður maður að nefna nöfn, því allir eru almennt á móti stríði nema það sé í þágu alveg rétta málstaðarins. Björn Bjarnason sagði í umræðum á hádegisfundi Sagnfræðingafélagsins 16. september 2008, um afskipti Bandaríkjanna af Suður-Ameríku, að hann væri þess ekki umkominn að fordæma dauðsveitir Bandaríkjamanna, þar sem hann gæti ekki sett sig í spor annarra þjóða.

Mig langar til að hér staldri lesandi við. Hiki. Lesi aftur.

Hversu mörg ársverk eru unnin í þágu hernaðar í heiminum á hverju ári? Í heiminum? Á Íslandi? Það þarf að búa til sprengjur, það þarf að smíða flugvélar og jeppa, það þarf að kenna á tækin, það þarf að nota

þau. Það þarf að sinna kynferðislegum löngunum hermanna og –kvenna?

Sumarið sem ég kom til Auswitch stóðu yfir mestu fjöldamorð sögunnar, eftir seinni heimsstyrjöld, í Rúanda. Á meðan ég velti fyrir mér stöðluðum skilaboðum (*aldrei aftur*) voru manneskjur að brytja niður aðrar manneskjur, nágretta sína, í Afríku.

Hversu mörgum krónum eyðir mannkynið í eyðileggingu árlega? Talan er svo há að hún kemst ekki fyrir í höfðinu á mér. Bandaríski herinn fær um það bil fimmhundrað milljarða dollara á fjárlögum ársins. Það samsvarar um það bil fjörutíu og fimmþúsund milljörðum íslenskra króna á gengi dagsins. Ef ég ætti allt í einu svona upphæð á tékkareikningnum? Fara í stríð? Það er endalaus eftirspurn eftir dauða, og þar sem er eftirspurn er framboð.

Stríð gefur okkur tilgang í lífinu.

Guð Biblíunnar: *Far því og vinn sigur á Amalek og helgaðu hann banni og allt, sem hann á. Og þú skalt ekki þyrma honum, heldur skalt þú deyða bæði karla og konur, börn og brjóstmylkinga, naut og sauðfé, úlfalda og asna.* (1 Sam 15.3)

Hetjusögur, sögur um gott og illt, um hamfarir og eyðileggingu, um raunverulega baráttu. Fullnægingu réttlætisins. Makleg málagjöld og dóma sögunnar.

Endanlegar lausnir og fullkomin svör.

Hann neitar að hegða sér hann heimur. Allt er flókið og óljóst. Hver er góður og hver er vondur? Dagarnir eru oftast hver öðrum líkir. Reynum við bara að þrúka lífið á enda án þess að hræra við neinu? Ræktum okkar eigin litlu áhugamál.

Louis-Ferdinand Céline: *Ljómi hetjudáðarinnar er ómótstæðilegur þeim sem þurfa ekki sjálfir að fara í stríðið, og jafnvel enn frekar þeim sem auðgast gríðarlega á stríðinu.*

Er of auðvelt að vera með réttum málstað vegna þess að það kostar ekkert og gefur mér kost á að þeirri nautn að hneykslast á grimmum stríðshaukum, eins og Birni Bjarnasyni? Blóðþyrstir ráðamenn, sem bregðast ekki frumeðli sínu og vilja verja sig og börn sín og heilu þjóðirnar.

Ég skil þá sem vilja tryggja sig með öflugri stríðsvél. En er það afsökun? Ég skil líka hryðjuverkamenn.

Ég skil hefnd og reiði. Ég skil viljann til að gera eitthvað.

Í kalda stríðinu heyrði ég á hverjum degi drunur úr orrustuþotum og dyn úr kafbátaleitarvélum. Ég var hugfanginn af kalda stríðinu og kjarnorkusprengjum. Ég keypti bækling um kjarnorkuvetur sem gefinn var út af *Samtökum íslenskra eðlisfræðinga gegn kjarnorkuvá* árið 1985. Þá var ég 11 ára.

*Hvað ef Rússarnir koma?* spurði fólk í þá daga.  
*Hvað ef múslimarnir koma?* spyr það í dag.

Við lifum í lygi um að allt sé í stakasta lagi, að við stefnum öll að sama marki: auknum hagvexti og auðsæld, friði og hamingju, að við séum öll í sama liðinu, á réttri leið. Sjá ekki allir í gegnum þessa lygi?

Charles Bernstein:

*Vertu stelpumaður?*

*& syngdu þennan stjelpusöng*

*skræfur & stoltar*

*að við myndum ekki ljúga okkur í stríð*



Vandinn við vopnaða baráttu er að hún virkar ef maður á mikið af vopnum. Spurningin er bara *hvað ertu tilbúinn að gera til að sigra?*

Kristján frá Djúpalæk: *Ég ætlaði að skjóta hann pabba þinn*

Átti bara að drepa pabbana í Azizabad þann 22. ágúst í sumar, 2008? Alls var 61 barn myrt í þeirri árás. Auðvitað alveg óvart. Shit happens. Sex hundruð þúsund Írakar á þremur árum. Shit happens. Einhverjir tugir þúsunda í Afganistan. Shit happens. Hver veit hve mörg fórnarlömbin eru? Kemur okkur ekki við því að shit happens. Einhver varð að *gera eitthvað*.

Stríð býður okkur upp söguþráð. Sá þráður er ofinn úr blekkingum og litaður með blóði. Ég held ekki þræði heldur hugsa ég brot.





ISBN 978-9979-9896-7-7



9 789979 989677